Menning


DV

Tákn og form

– íslensk höggmyndalist í 50 ár

Einar Jónsson er með nokkrum rétti nefndur faðir íslenskrar höggmyndalistar. Hann var fyrstur Íslendinga til að taka upp merki evrópskrar rýmislistar og laga hana að íslenskum aðstæðum, fyrstur til að reisa sér vinnustofuheimili að hætti evrópskra atvinnumanna í listgreininni og fyrstur til að helga sér borgarlandslagið í Reykjavík með opinberum minnismerkjum, af Jónasi Hallgrímssyni (upps. 1907), Jóni Sigurðssyni (upps. 1911), Kristjáni IX (upps. 1915) og Ingólfi Arnarsyni (upps. 1924).

Um leið er Einar hinn mesti dragbítur á framþróun íslenskrar höggmyndalistar. Altekinn táknhyggju með þjóðernis- og guðspekiívafi lagði hann allt kapp á að færa tákn, líkingar og frásagnir í þrívíðan búning, fremur en að aga efnivið sinn og formskyn.



Ásmundur Sveinsson – Vatnsberinn, 1937.

Barn síns tíma

Í þessu má segja að Einar hafi verið barn síns tíma. Hann óx upp á tímum vaxandi þjóðernisvitundar, ekki aðeins á Íslandi heldur Norðurlöndunum öllum, með þjóð sem fyrir löngu var búin að týna listhefðum sínum, öðrum en bókmenntunum. Hann var heldur ekki eini Íslendingurinn sem fékk útrás fyrir dulhyggju í guðspekilegu grufli á fyrsta áratug aldarinnar.

Við fótskör meistarans í Hnitbjörgum, sem opnaði þjóðinni safn með verkum sínum árið 1923, þá tæplega fimmtugur að aldri, uxu síðan úr grasi tvær kynslóðir íslenskra rýmislistamanna sem ekki vissu betur en að höggmyndalistin fælist fyrst og fremst í því að hafa upp á, eða laða fram, mergjuð tákn og frásagnir. Sjálft efnið og skilvirk mótun þess skipti þá minna máli.

Andvana rýmisverk

Því sitjum við uppi með svo mörg andvana rýmisverk eftir þau Ríkharð Jónsson, Gunnfríði Jónsdóttur, Magnús Á. Árnason, Guðmund Einarsson frá Miðdal og Martein Guðmundsson. Nína Sæmundsson stendur eilítið á skjön við íslenska höggmyndalist þar sem hún starfaði erlendis mestan hluta ævi sinnar.

Rýmisverk þessara listamanna eru mestmegnis andvana, ekki vegna táknhyggju eða frásagnar, heldur vegna þess að þeir lærðu aldrei að fá það besta út úr því **efni** sem þeir voru með undir höndum hverju sinni, virkja það í þágu táknanna og frásagnarinnar. Ríkharður Jónsson var vissulega dverghagur á tré og kunni að móta andlitsmyndir, en sú þekking bjó hann engan veginn undir frjálsa sköpun með gifsi og leir, eins og sést á afkáralegum lágmyndum hans af Ólafi Liljurós og Banakossinum (bæði frá 1949).

Sjálflærðir þúsundþjalasmiðir

Gunnfríður var að mestu sjálflærð, en lét það ekki aftra sér frá því að byggja upp „mónumental" myndir á borð við Landsýn (1940, LÍ). Magnús Á. Árnason var þúsundþjalasmiður, lagði því aldrei fulla rækt við höggmyndagerð. Sama má eiginlega segja um Guðmund Einarsson frá Miðdal. Og Marteini Guðmundssyni gafst aldrei tími til að þroska þær listgáfur sem hann óneitanlega bjó yfir, ef marka má Torsó hans og portrettmyndir.

Aðalatriðið er að árum saman virðast Íslendingar hafa litið á lítt undirbyggða og (oftast) linlega táknhyggju sem alvöru höggmyndalist, og notað hana sem keyri á þá listamenn sem fyrstir brutust undan oki hennar, það er Ásmundur Sveinsson og Sigurjón Ólafsson. Ásmundur var til dæmis kominn yfir fimmtugt er fyrsta höggmynd hans var sett á stall í Reykjavík (Barnið og fiskurinn, upps. 1945) og það liðu tíu ár áður

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

en önnur mynd eftir hann var sett upp í borginni (Járnsmiðurinn).

Smækkuð útgáfa

Andóf þeirra Ámsundar og Sigurjóns fólst ekki í því að snúa baki við táknum og þjóðlegum minnum, heldur í því að samsama í verkum sínum inntak, efnivið og form. Digrir handleggir Vatnsberans eru vissulega formræn nauðsyn innan verksins, en þeir eiga líka að minna á hreysti og margra alda vatnsburð íslenskra kvenna. Tilefni þessara hugleiðinga er að sjálfsögðu sýningin Íslensk höggmyndalist 1900–1950, sem haldin er að Kjarvalsstöðum í tilefni Listahátíðar, og er vísast smækkuð útgáfa af sýningu sem upprunalega átti að spanna sögu íslensks skúlptúrs til 1990. Að sögn aðstandenda er sýningunni fyrst og fremst ætlað að draga fram helstu viðhorf í íslenskri höggmyndalist á því tímabili sem hér um ræðir, ekki að kafa djúpt í feril einstakra listamanna. Innan þeirra marka má segja að sýningin sé vel heppnuð og munar þar mest um smekklega uppsetningu verkanna. Ekki er heldur mikið út á val höggmynda að setja nema hvað Nína Sæmundsson er öllu fjölhæfari myndhöggvari en sýningin gefur til kynna.

Opinber þróunarsaga

Í stórum dráttum áréttar sýningin þá þróunarsögu íslenskrar höggmyndalistar sem lagt er út af hér á undan – og er orðin opinber þróunarsaga – nema hvað misheppnuð tilraun er gerð til að auka á vægi Gunnfríðar Jónsdóttur innan hennar. Í upplýsingum um Gunnfríði er þess ekki heldur getið að hún var gift Ásmundi Sveinssyni sem vakti með henni áhuga á höggmyndalist.

Hins vegar koma nokkuð á óvart litlar táknmyndir úr gifsi eftir Magnús Á. Árnason, líklega meðal heilsteyptustu þrívíddarverka hans. Táknhyggjan er þar að vísu allsráðandi, en hún fær á sig sérkennilega mynd, minnir í senn á impressjóníska höggmyndalist og Art Deco.

Í rauninni er þessi þróunarsaga svo kunnugleg að löngu er mál að skoða hana frá nýjum sjónhornum. Næst þyrfti að setja saman sýningu um táknhyggjuna í íslenskri höggmyndalist, portrettmyndagerðina, og umfram allt um upphaf módernismans.

Afhjúpanir

Nokkur atriði í sýningarskrá vil ég gera athugasemdir við. Þar er heilmikið skrifað um táknhyggjuna, en upplýsingar um og skilgreiningar á móderníska „byltingu" þeirra Ásmundar og Sigurjóns eru hins vegar naumt skammtaðar og ekki alltaf sannfærandi. Gunnar B. Kvaran lætur til dæmis að því liggja að á 5. áratugnum hafi Ásmundur eingöngu sótt myndmál sitt til íslenskrar náttúru, þar sem hann hafi ekki talið við hæfi að nota „erlent myndmál" til að túlka íslenskan veruleika. Þó blasa áhrif frá verkum Picassos, jafnvel Mirós, frá 4. áratugnum hvarvetna við í umræddum höggmyndum Ásmundar.

Í grein um minnismerki segir Ólafur Kvaran að engin höggmynd hafi verið afhjúpuð í Reykjavík frá 1875 til 1907. Árið 1885 var þó sett upp minnismerki um Hallgrím Pétursson, Hallgrímsharpan, við Dómkirkjuna. Einnig segir hann að á árunum 1918 til 1931 hafi ekkert minnismerki verið reist í borginni. Stytta Ríkharðs Jónssonar af Jóni Vídalín var sett upp 1921.

Þrátt fyrir þær skorður sem aðstandendur reisa sér, er þessi sýnign þó sú best heppnaða af þeim yfirlitssýningum sem Kjarvalsstaðir hafa staðið fyrir á undanförnum árum.

Andlát

Jón H. Kristjánsson, fyrrv. skólastjóri, Vogagerði 2, Vogum, er látinn.

Agnar Johnson læknir, Nyköbing F, Danmörku, lést 15. júní.


Jarðarfarir

Jarðarför **Sigríðar Haraldsdóttur** frá Firði, Seyðisfirði, Dalbraut 27, Reykjavík, fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 19. júní kl. 13.30.

Guðný Ólöf Magnúsdóttir, Hrafnistu, áður til heimilis á Holtsgötu 21, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 20. júní kl. 13.30.

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Eskihlíð 18a, Reykjavík, lést á heimili sínu 13. júní sl. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu 22. júní kl. 15.

Guðlaugur Magnússon frá Kolsstöðum, sem andaðist föstudaginn 8. júní, verður jarðsunginn frá Áskirkju í dag, 18. júní, kl. 15.



Þorsteinn Halldórsson rakarameistari, Ljósalandi, Vallarbraut 10, Seltjarnarnesi, sem andaðist 10. júní sl. á Hrafnistu, verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 19. júní kl. 15.

Guðmundur Sigurðsson, Móðruvöllum, Kjós, lést í Borgarspítalanum 5. júní. Bálför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Jón Jónsson frá Deild, Hrafnistu, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 19. júní kl. 13.30.

Sigurlaug Jökulsdóttir, Dalalandi 9, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 19. júní kl. 13.30.

Tónleikar

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns

Í tengslum við kvöldopnun Listasafns Sigurjóns Ólafssonar á virkum dögum í sumar verða haldnir vikulegir tónleikar í sal safnsins. Fyrstu tónleikarnir í röðinni verða þriðjudaginn 19. júní og hefjast kl. 20.30. Þá mun John Speight syngja lög m.a. eftir Caldara, Gluck og Scarlatti, Liederkreis eftir Robert Schumann, ásamt lögum eftir Richard Strauss og enska tónskáldið Butterworth. Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir leikur með á píanó. Tónleikar sumarsins, sem eru um klukkustund að lengd, verða á hverjum þriðjudegi kl. 20.30. Meðal þeirra listamanna, sem munu koma fram í sumar, má nefna Blásarakvintett Reykjavíkur og píanóleikarana Jónas Ingimundarson, Nínu Margréti Grímsdóttur og Halldór Haraldsson.

Tilkynningar

Niðjamót

Niðjamót Jónasar Jónssonar, borgara og bónda í Hrútsstaða-Norðurkoti, og eiginkvenna hans, Önnu Eiríksdóttur og Vilborgar Magnúsdóttur, verður haldið í Þjórsárveri sunnudaginn 24. júní nk. kl. 13.30. Þeir sem telja sér fært að mæta vinsamlegast tilkynni þátttöku til Guðmundu Ásgeirsdóttur, s. 91-10671, Guðríðar Jóelsdóttur, s. 98-34323, eða Lilju Fransdóttur, s. 98-75079.

Flóamarkaður

verður í sal Hjálpræðishersins, Kirkjustræti 2, þriðjudaginn 19. júní og miðvikudaginn 20. júní. Opið frá kl. 10–17 báða dagana. Mikið úrval af góðum fatnaði á góðu verði.

Fræðsluráð hótel- og veitingagreina

Nýlega var stofnað í Reykjavík Fræðsluráð hótel- og veitingagreina. Fulltrúa í ráðið skipa Samband veitinga- og gistihúsa og þjónustusamband Íslands fyrir eftirtalin félög: Félag framreiðslumanna, Félag matreiðslumanna og Félag starfsfólks í veitingahúsum. Tilgangur ráðsins er m.a. að móta stefnu í fræðslu- og menntunarmálum allra stétta sem starfa í þessari atvinnugrein. Að bjóða upp á endur- og símenntun starfsfólks í greininni. Að koma á nánara sambandi milli skóla og atvinnulífs. Félögin, sem að ráðinu standa, vilja á þennan hátt stuðla að aukinni menntun starfsfólks í hótel- og veitingagreinum og eflingu ferðaþjónustu á Íslandi. Formaður var kosinn á fyrsta fundi Wilhelm Wessman, hótelstjóri á hótel Holiday Inn. Ráðið hefur valið sér starfsmann, Sigrúnu Kr. Magnúsdóttur. Skrifstofa ráðsins er í Garðastræti 42 og er hún opin fyrir hádegi.

Breyttur opnunartími FÍB

FÍB, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, tilkynnir breyttan afgreiðslutíma skrifstofu. Skrifstofan er opin kl. 10–16 alla virka daga. Lögfræðingur og tækniráðgjafi eru með viðtalstíma á skrifstofu. Tímapantanir eru sem fyrr í síma: 91-629999. Félagsmenn FÍB eru hvattir til að hafa samband við skrifstofuna og kynna sér þá margvíslegu þjónustu og aðstoð sem félagsaðild í FÍB veitir.

Fjölmiðlar

Þjóðlegt sjónvarp

Hátíðardagskrá 17. júní er hefðbundin og stendur á traustum grunni. Það sama má segja um dagskrá sjónvarpsstöðvanna þjóðhátíðardag Íslendinga. Þjóðlegir þættir eru í fyrirrúmi. Ekki náði undirritaður að sjá nema tvo af innlendu þáttunum í gærkvöldi, 1890 í Sjónvarpinu og Óxar við ána á Stöð 2.

Það var Helgi Pétursson sem sá um Óxar við ána og virðist ekki vera gerður skemmtiþáttur á Stöð 2 nema undir hans stjórn. Eins og svo oft áður fékk hann til liðs við sig félaga sína í Ríó tríói og sáu þeir ásamt nokkrum börnum um söngin sem að sjálfsögðu var á þjóðlegu nótunum.

Þema þáttarins var 17. júní fyrr og nú og kom þar fram í rabbi við Klemens Jónsson sem búinn er að vera í þjóðhátíðarnefnd manna lengst að flestar breytingar út frá hefðbundinni dagskrá hafi mislukkast og að almenningur vildi hafa öll hátíðarhöldin í gamla bænum.

Ennfremur ræddi Helgi við gamla



stúdenta, um fjallkonuhlutverkið og orðuveitingar. Þetta var svo kryddað með gömlum myndum frá 17. júní sem voru allar eins. Í heild var Óxar við ána frekar litlaus og lítlaus skemmtiþáttur.

Þegar Öxar við ána lauk var svissað yfir á ríkissjónvarpið en þar var að hefjast þáttur Arthúrs Björgvins Bollasonar, 1890. Eins og nafnið gefur til kynna var farið eitt hundrað ár aftur í tímann til söfnunar fróðleiks um það merkisár sem er nú ekki ýkja merkilegt þegar að var gáð.

Arthúr Björgvin gerði samt sitt besta til að halda áhorfandanum við efnið og voru einstaka atriði ágæt þótt þátturinn í heild væri frekar langdreginn. Það sem merkilegast er fyrir almenning í dag er að sjá þær gífurlegu þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa á landinu á þessum tíma. Þessi órafjarlægð er samt ekki í meiri fjarlægð en svo að þátturinn endaði á viðtali við konu sem fæddist árið 1890.

Hilmar Karlsson